

**Mættir:** Björn Sigurðsson formaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Leifur Guðni Grétarsson, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliða, Oddur Örnólfsson, Hilmar Örn Jónasson, Viktoría Gísladóttir gjaldkeri, Elsa María Guðmundsdóttir og Júlía Þorvaldsdóttir

**Afboða, mæta ekki :** Hrafnhildur Lúthersdóttir, Emil Örn Harðarson móta- og miðlunarstjóri, Hörður Oddfríðarson ritari

**Fundur 31.05.2021 settur kl. 18.00.** Fundurinn var haldin í húsaáskynnum SSÍ.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

### 2. Mót og starfsemi

- a. Sumarmót SSÍ haldið 5-6 júní. Það eru tæplega 90 keppendur skráðir til leiks. Mönnun á mótið er í gangi. Mótið verður keyrt á 6 brautum.
- b. Undirbúningur fyrir AMÍ gengur mjög vel og mikil stemning fyrir norðan. Sundlaugin verður lokuð á meðan á mótinu stendur í fyrsta skipti. Búið er að leysa öll mál varðandi gistingu í skólum. Það er verið að kanna með streymi af mótinu og hvernig því verður háttað.
- c. 64. sundþing SSÍ verður haldið þann 1. júní 2021 kl: 15.30. Þinggögn eru aðgengileg á heimasíðu SSÍ. Þingforsetar verða Hörður Þorsteinsson og Hildur Karen Aðalsteinsdóttir en þú eru bæði nýkjörin inn í framkvæmdastjórn ÍSÍ. Aðalbjörg Óladóttir verður þingritari.
- d. Farið var yfir hlutverkaskiptingu sundþings og þingskjöl skoðuð og farið yfir dagskrá.

### 3. Afreksmál

- a. Evrópumótið í 50 m laug var haldið í Búdapest daganna 17-23 maí. Mótið fór vel fram þrátt fyrir annmarka. Þetta var mjög sterkt mót. Eftirfarandi sundmenn kepptu fyrir okkar hönd:
  - Dadó Fenrir: 50 skrið, 50 flug og 4x100 skrið blandað
  - Jóhanna Elín: 50 skrið, 100 skrið, 50 flug og 4x100 skrið blandað
  - Kristinn: 50 bak, 100 bak og 4x100 skrið blandað
  - Snæfríður Sól: 100 skrið, 200 skrið, 400 skrið og 4x100 skrið blandað
  - Steingerður: 50 bak og 50 skrið

### 4. Fundargerðir nefnda

- a. Fundargerð Dómaranefndar nr: 104 frá 25.05. 2021

*Fundargerðin var samþykkt*

## 5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
María Sól Jósepsdóttir	Fjölur	Breiðablik	01.05.2021	31.05.2021
Rökkvi Helgason	Afturelding	Ármann	07.05.2021	06.06.2021
Nótt Helgadóttir	Afturelding	Ármann	07.05.2021	06.06.2021

*Staðfest*

## 6. Staðfesting meta

### 50 metra laug

#### Piltar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
4x100m skriðsund mixed, Ísland		Ísland	03:38:67	22.05.2021	Búdapest

*Staðfest*

### 25 metra laug

#### Piltar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
100m bringusund	Daði Björnsson	SH	1:02.06	15.05.2021	Hafnarfjörð

*Staðfest*

## 7. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
07.05.2021	Nordic age group Championships 2021	EV
07.05.2021	Fréttatilkynning ÍSÍ – Íþróttabing 75 frestað til hausts	ÍSÍ
08.05.2021	Ný reglugerð um takmarkanir á samkomum	ÍSÍ
12.05.2021	Sumarfjarnám ÍSÍ	ÍSÍ
12.05.2021	Samþykktir Íþróttabings fyrri hluti	ÍSÍ
18.05.2021	Hvatning til íþróttahreyfingarinnar	ÍSÍ
20.05.2021	Leiðbeiningar um smitakning	ALM
21.05.2021	Letter to LEN members	LEN
21.05.2021	Ný reglugerð 25.maí	ÍSÍ

### Önnur mál:

- Koma þarf öllum stjórnarmönnum og starfsmönnum sem ekki hafa aðgang að Drop-Box þangað inn. Emil sér um að aðstoða fólk við það.
- Ársþing FINA verður haldið í Katar þann 5. júní n.k. Fulltrúar SSÍ munu sitja þingið í gegnum fjarfundarbúnað.

**Fundi slitið kl. 19:30**